

**Nr. 041 / 15 Perla*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1402  
IMO nr. 6423137  
Smíðaður: Husum Þýskalandi 1964 stál  
Stærð: 331,3 brl. 410 bt.  
Mesta lengd: 47,99 m Skráð lengd: 42,2 m  
Breidd: 8,64 m Dýpt: 4 m  
Vél: Alpha 220 kW 1964  
Fjöldi skipverja: 5



**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Perla ©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 17. apríl 2015 var sanddæluskipið Perla við störf við Landeyjahöfn. Veður: VSV 4-6 m/s (*Landeyjahöfn*)

Skipverji var einn að vinna við að spúla lestina og hélt í handfang, fast við hosu, sem losnaði af með þeim afleiðingum að hann kastaðist með henni ofan í lestina.

Skipverjinn lenti m.a. á járnbita og slasaðist mikið.



Mynd 1 Myndin sýnir vettvang og sjölögnina sem stúturinn losnaði af

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði var að stýra skolstút með tveggja metra handfangi sem soðið var fast á stútendann og stóð hann á palli milli lestanna við það (sjá mynd 1). Stúturinn, sem losnaði, var á gúmmíbarka sem festur var við sjólögnina og handfangið var fest í enda hans (mynd 3). Ekki er vitað af hverju stúturinn losnaði en skipverjinn náði ekki að sleppa handfanginu í tíma;



Mynd 2 A Sjólögn, B Pallur, C Stútur og gúmmíbarki

- að mikill þrýstingur og titringur var á lögninni enda lokað fyrir alla aðra stúta á henni og reglulega hafði þurfi að herða upp á hosuklemmum fyrir gúmmíbarkann;



Mynd 3 Myndin sýnir búnaðinn og handfang þegar hann er í lagi

- að aðeins tveir menn voru á vakt í einu á 6/6 tíma vöktum (skipstjóri og vélstjóri) með aðstoð frá matsveini eftir þörfum. Skipstjóri þurfti að yfirgefa stjórnþall til að aðstoða slasaða en kvaðst hafa gert þau mistök að stöðva ekki sjóðælinguna í lestina og tæma sjóinn úr henni;
- að um var að ræða venjubundið verklag þ.e.a.s. einn skipverji á þilfari þegar verið er að losa úr lestum skipsins til að spúla þær;
- að eftir atvikið voru gerðar endurbætur á festingum gúmmíbarkans auk þess sem menn nota nú öryggisbelti við þetta starf. Einnig var öryggishandrið hækkað talsvert;
- að um borð í skipinu voru tveir vélstjórar sem skráðir voru annars vegar sem kyndari og hinsvegar smyrjari. Lögskráningakerfi Samgöngustofu leyfir ekki að skráð sé í aðrar yfirmannastöður heldur en lágmarksmönnun viðkomandi skips gerir ráð fyrir.

### ***Nefndarálit:***

Orsök slyssins var illa hannaður búnaður og óöruggt starfsumhverfi.

### ***Sérstakar ábendingar:***

Nefndin telur að þrátt fyrir endurbætur og breytt verklag sé frágangur á stútnum viðsjárverður með tilliti til öryggis.

Nefndin telur að með tilliti til búnaðar og verkefnis skipsins hafi mönnun þess verið ábótavant.

Nefndin telur brýnt að Samgöngustofa endurbæti lögskráningakerfi sjómanna sem fyrst þannig að unnt sé að skrá raunverulega mönnun skipa.